

Uppmæling og fornleifaskráning á minjum vegna breytinga á deiliskipulagi við Kleppjárnsreyki



Atli Rúnarsson

NV nr. 17-23

September 2023


 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning: September 2023
		Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☐ Háð leyfi verkkaupa
Skýrsla nr: 17-23	Verknúmer:	
Heiti skýrslu: Uppmæling og fornleifaskráning á minjum vegna breytinga á deiliskipulagi við Kleppjárnsreyki		Blaðsíður: Upplag:
Höfundur: Atli Rúnarsson		Fjöldi korta: Gerð skýrslu/verkstig:
Verkefnisstjóri: Margrét H. Hallmundsdóttir		Unnið fyrir: Sveitarfélagið Borgarbyggð
Útdráttur Uppmæling á áður skráðum minjum, sem og nýjum, vegna breytinga á deiliskipulagi við Kleppjárnsreyki.		
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning, deiliskipulag, Kleppjárnsreykir		Lykilorð ensk: Archaeological Survey, district planning, Kleppjárnsreykir
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af:

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR	1
2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ	1
3. AÐFERÐAFRÆÐI	2
3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	2
3.2 SKRÁNING FORNLEIFA	4
4. SAGA KLEPPJÁRNSREYKJA	4
5. HEIMILDASKRÁ	5
6. FORNLEIFASKRÁ	6
7. NIÐURSTÖÐUR	15
8. KORT	16
9. PUNKTASKRÁ	17

1. INNGANGUR

Að beiðni sveitarfélagsins Borgarbyggðar réðst fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða í enduruppmælingu á áður skráðum minjum við Kleppjárnsreyki. Svæðið hafði áður verið skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2009 en síðan þá hafa skráningarstaðlar verið uppfærðir og stóðst sú skráning ekki þá staðla. Í bréfi frá Minjaverði Vesturlands, þann 20.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðisins við Kleppjárnsreyki merkt inn á Íslandskort með gulri stjörnu.

mars 2023, var farið fram á að mæla þurfti upp minjarnar og setja umfang þeirra inná deiliskipulagsuppdrátt áður en Minjavörðurinn fengi tillöguna aftur til umsagnar þegar deiliskipulagið verður lagt fram.

Vettvangsrannsókn fór fram þann 6. ágúst 2023 og var framkvæmd af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslugerð.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið er um 14ha að stærð og er staðsett fast sunnan við íbúakjarnann í Kleppjárnsreykjum og nær yfir skóla- og íþróttamannvirki á svæðinu og græns svæðis við skólann.



Mynd 2. Skráningarsvæðið við Kleppjárnsreyki.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir jarðarinnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki og myndir teknar. Svæðið var áður skráð af Fornleifastofnun Íslands árið 2009.¹

3.1 TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir et.al., 2009

hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breytttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 SKRÁNING FORNLEIFA

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3093 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3093-001.

4. SAGA KLEPPJÁRNSREYKJA

Kleppjárn kemur fram í Landnámabók: „*Arnleif hét systir Svarkels, er átti Þórólfr vilagisl, faðir Kleppjárns ins gamla ór Flókadal; þeira dóttir var Hallgerðr, er átti Bergþórr Kollsson.*“² Hann kemur einnig fram í Heiðarvígasögu og þá var hann sagður búa á Reykjum³ sem væntanlega eru nefndir Kleppjárnsreykir í dag. Minnst var á jörðina í máldaga kirkjunnar í Deildartungu í Borgarfirði frá 1491-1518 en þá var jörðin þó nefnd Kleppholtsreykir.⁴ Einnig var minnst á jörðina í fógetareikningum frá 1548-1549,⁵ 1549-1550,⁶ í afgjaldareikningum Kristján skrifara frá 1550,⁷ og í fógetareikningum frá 1552.⁸ Árið 1563 var jörðin seld frá krúnunni til Dómkirkjunar í Skálholti fyrir xij hundruð.⁹ Landmerkjum Snældubeinsstaða og Kleppjárnsreykja var lýst í bréfi frá 1568.¹⁰

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, sem gerð var fyrir svæðið árið 1706, var sagt að jarðardýrleiki Kleppjárnsreykja væri átta hundruðir og tíundaðist. Jörðin var í eigu dómkirkjunar í Skálholti og ábúandinn var Jón Magnússon. Landskuldin var xl álnir sem greiddist í öllum landaurum. Leigukúgildin voru nú fjögur, en höfðu áður verið fimm. Leigur greiddust í smjöri þangað sem umboðsmaður tilsagði. Kvaðir um mannslán voru á vertíð á Akranesi á skipum umboðsmannsins. Kvíkfé voru fjórar kýr, ein kvíga að fyrsta kálfi, einn veturgamall tarfur, einn kálfur, tuttugu og fjórar ær, fimm tvívetra sauðir, tólf veturgamlir, þrjú hross og tvær unghryssur. Sagt var að fóðrast gætu þrjár kýr, eitt ungneyti, tuttugu ær, tíu lömb og tveir hestar. Torfrista, stunga og reiðingsrista var bjargleg en mósukurður til

² Íslendingabók og Landnáma, 1942, bls. 35

³ Snerpa.is, 2023

⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 7. bindi, 1947-1950, bls. 62

⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 131

⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 146

⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 166

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 12. bindi, 1947-1950, bls. 392

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 14. bindi, 1947-1950, bls. 156-157

¹⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 15. bindi, 1947-1950, bls. 180-181

eldiviðar var erfiður. Túninu var spillt af ofhita og sífelldum hverareyk og Reykdalsá grandaði enginu með landbroti og grjótsáburði, einnig var landþröng mikil.¹¹

Í jarðatali J. Johnsen frá 1847 var sagt að Kleppjárnsreykir voru í bændaeign, dýrleikinn var 8 hundruðir, landskuldin 0.4, kúgildin voru 3 og ábúendur 1 eigandi.¹²

5. HEIMILDASKRÁ

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1925). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Borgarfjarðarsýsla*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn 1-16. bindi. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Jakob Orri Jónsson, Orri Vésteinsson & Magnús Á. Sigurgeirsson. (2009). *Fornleifaskráning á völdum jörðum í Borgarbyggð*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Íslendingabók og Landnáma. (1942). Reykjavík: Herbertsprent.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

Örnefnaskrá - Kleppjárnsreykir. (án dags.). Reykjavík: Örnefnastofnun.

Snerpa.is. (5. 9 2023). *Heiðarvígasaga*. Sótt frá Snerpa.is:
<https://www.snerpa.is/net/isl/heidarv.htm>

¹¹ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1925, bls. 225

¹² J. Johnsen, 1847, bls. 115

6. FORNLEIFASKRÁ

Númer: 3093-001

Eldra númer: BO-207:008

Sérheiti: Kleppjárnshverki

Hlutverk: Þvottalaug

Tegund: Náttúruminjar

Hnit ISN93: A: 385231.1 N: 463621.9

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rasks

Staðhættir: 30-40m sunnan við íbúðarhúsið á Kleppjárnshverki sem gjarnar er nefnt „Læknahúsið“ þar sem það var lengi læknabústaður.

Minjalýsing: Í skýrslu FSÍ segir: „Aðalhverinn er sunnan við skólann og vestan við Snældubeinsstaði“ segir Tryggvi Þóðarson í Varmalindum. Samkvæmt

heimildinni var hverinn nýttur áður fyrr, bæði til þvotta og brauðgerðar. [...] Steypt þvottahús var byggt 50-60m austan við hverinn og stendur það enn. Hverinn er enn notaður og í kringum hann eru nokkrar steyptar hellur o.þ.h. Allt um kring er gróðursælt mosasvæði.“¹³



Mynd 3. Horft í SA yfir Kleppjárnshverki (3093-001).



Mynd 4. Horft í austur yfir Kleppjárnshverki (3093-001).

¹³ Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 69

Númer: XXX-002

Eldra númer: BO-207:002

Hlutverk: Fjós

Tegund: Tóft

Hnit ISN93: A: 385181.0 N: 463570.2

Lengd: 11.6m

Breidd: 7.1m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Mikil hætta


Hættuorsök: Rask

Staðhættir: Í túninu um 70m SV við Kleppjárnssreykjahver (3093-001). Búið er að byggja kofa í fremri hluta tóftarinnar.

Minjalýsing: Í skýrslu FSÍ segir: „Fremri hluti hússins hefur verið steypdur og standa steypuveggir enn að hluta. Innri hlutinn hefur hinnsvegar verið úr torfi og grjóti og er hruninn að nokkru leyti. Op er á fremri tóftina til suðurs. Samkvæmt túnakortinu var garður, líklega kálgarður fast við húsið að suðvestan.“¹⁴ Búið er að byggja kofa fremst í tófina og sést steypri hluti hennar ekki lengur.



Mynd 5. Horft í suður yfir fjós (3093-002).



Mynd 6. Uppmæling af fjósi (3093-002).

¹⁴ (Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 68)

Númer: 3093-003

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hnit ISN93: A: 385155.9 N: 463516.1

Lengd: 6m

Breidd: 3.5m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:


Staðhættir: Tóftin er á miðju túninu um 130m SV við Kleppjárnssreykjahverinn (3093-001) og um 50m SV við fjós (3093-002).

Minjalýsing: Lítil tóft hlaðin úr torfi og grjóti, einnig virðist vera áfast gerði framan við tóftina. Tóftin sjálf virðist vera með inngang í suður en gerðið virðist vera opið til austurs. Mögulega er um kartöflukofa að ræða. Veggjahæð er frá 0 – 0.4m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.

Tóftina er ekki að finna í skýrslu FSÍ frá 2009.



Mynd 7. Horft vestur yfir tóft (3093-003).



Mynd 8. Uppmæling af tóft (3093-003).

Númer: 3093-004

Eldra númer: BO-207:011

Hlutverk: Túngarður

Tegund: Garðlag

Hnit ISN93: A: 385145.5 N: 463473.4

Lengd: 250m

Breidd: 1m

Ástand: Greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rask


Staðhættir: Garðlagið liggur til norðvesturs frá tóft (3093-005) í um 120m og beygir þá til N í um 45m og þaðan til NA í um 85m þar sem hann hverfur.

Minjalýsing: Í skýrslu FSÍ segir: „Frá norðvestur horni tóftar 003 liggur túngarður til norðvesturs. Garðurinn er nokkuð greinilegur á um 120m spotta en verður eftir það ógreinilegri. Garðurinn liggur að mestu yfir fremur rakt svæði sem þó hefur verið tún. Garðurinn er mest 2-2.5m á breidd en 0.3m á hæð.

Hann er alveg gróinn.“¹⁵ Garðlagið var að hluta til mælt inn af loftmynd.



Mynd 9. Horft í suður eftir túngarði (3093-004).



Mynd 10. Uppmæling af túngarði (3093-004) og nærliggjandi tóftum.

¹⁵ Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 69

Númer: 3093-005

Eldra númer: BO-207:003

Hlutverk: Fjárhús

Tegund: Tóft

Hnit ISN93: A: 385167.2 N: 463449.7

Lengd: 12.7m

Breidd: 9.5m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:


Staðhættir: Fast við suðurenda túngarðs (3093-004). Skammt norðan við girðingu og gamla veginn.

Minjalýsing: Í skýrslu FSÍ segir: „Um 90m suðvestan við gamla bæinn 001 sjást leifar af fjárhúsi sem teiknuð voru inn á túnakort frá 1917. Tóftin stendur efst í þýfðu túni og gengur túngarður frá norðvestur horni hennar. Tóftin er um 12 X 10 m

stór og snýr norður-suður. Ekki er ljóst hvar inngangur er á tóftinni. Hún er alveg gróin og mikið er hrunið inn í hana. Þegar staðið er í henni eru 1,6-1,7 m upp á yfirborðið. Grjóthleðslur sjást víða í tóftinni en eru þó fremur ógreinilegar nema í norðausturhorninu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var garður, líklega túngarður, byggður við húsið að sunnan.“¹⁶



Mynd 11. Horft í NA yfir fjárhús (3093-005).



Mynd 12. Uppmæling af fjárhúsi (3093-005).

¹⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 68

Númer: 3093-006

Eldra númer: BO-207:009

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Tóft

Hnit ISN93: A: 385143.9 N: 463407.3

Lengd: 6.1m

Breidd: 3.8m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Engin hætta

Hættuorsök:

Staðhættir: Undir hamri um 40m SV við fjárhús (3093-005).


Minjalýsing: Í skýrslu FSÍ segir: „20-25m suðvestan við suðvesturhorn útihúss 003 og tæpum 20m sunnan við girðinguna sem girðir af gamla túnið á Kleppjárnssreykjum er tóft. Hún er um 5 m neðan við lítið klettabelti sem er í hlíðinni á þessum stað.

Umhverfis eru þýfðir hagar á um 20 m breiðu belti,

milli klettabeltisins og grófs vegslóða sem er ofan við girðinguna. Tóftin virðist einföld og er 6 X 4 m stór. Op er á vesturvegg hennar nyrsta. Veggir hennar eru mest um 1 m á hæð en minnst um 0,3 m en eru nokkuð hrundir. Engar grjóthleðslur sjást. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gengdi en staðsetning hennar, fast ofan við túnjaðar, gæti bent til þess að hús sé af kvíum.



Mynd 13. Horft í ANA yfir tóft (3093-006).



Mynd 14. Uppmæling af tóft (3093-006).

Númer: 3093-007

Eldra númer: BO-207:006

Sérheiti: Dysið

Hlutverk: Dys

Tegund: Steinalögn

Hnit ISN93: A: 384757.2 N: 463344.2

Lengd: 6m

Breidd: 6m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Hætta

Hættuorsök: Rask

Staðhættir: Dysið er rétt ofan við gamla malarveginn, um 145m sunnan við gróðurhúsin sem standa á lóðinni Braut.

Minjalýsing: Í örnefnaskrá segir: „Dysið er grjóthrúga ofan við gamla veginn rétt við hann. Þar er talinn dysjaður Eyjólfur Kolgrímsson, er 1538 var á þessum stað á ferð með Ögmundi biskupi. Hann rak sig í spjót af leikaraskap og var grafinn á þessum stað.“¹⁷

Í skýrslu FSÍ segir: „Fast sunnan við gamla þjóðveginn sem lá sunnar og nær fjallshlíðinni en vegurinn gerir nú, var Dysin. Hún er enn greinanleg um 40m austan við merki. Dysin er í vegarkanti á þýfðu svæði. Mikið af því grjóti sem myndaði dysina var fjarlægð fyrir 10-15 árum en ekki eru menn á eitt sáttir um hver hafi verið þar að verki. Merki dysjarinnar eru þó enn greinanleg og virðist hún vera 5 X 5 m að stærð.“¹⁸



Mynd 15. Horft í suður yfir Dysið (3093-007).



Mynd 16. Horft í NV yfir Dysið (3093-007).

¹⁷ Örnefnaskrá - Kleppjárnssreykir

¹⁸ Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 68

Númer: 3093-008

Eldra númer: BO-207:001

Sérheiti: Kleppjárnsreykir

Hlutverk: Híbyli

Tegund: Steinsteypa

Hnit ISN93: A: 385231.3 N: 463570.4

Lengd: 34m

Breidd: 12m

Ástand: Vel greinanleg

Horfin: Nei

Friðlýst: Nei

Hættumat: Engin hætta


Hættuorsök:

Staðhættir: Um 35m sunnan við Kleppjárnsreykjahver (3093-001).

Minjalýsing: Í skýrslu FSÍ segir: „Grunnur gamla bæjarins á Kleppjárnsreykjum sést enn tæpum 30 m sunnan við Kleppjárnsreykjahver 008 og um 50 m ofan við íbúðarhúsið sem nú er búið í á Kleppjárnsreykjum. Grunnurinn er 8 m austan við lítinn lækjarfarveg. Síðasta húsið sem stóð á þessum stað var stept en minjar eldri bygginga eru ekki greinanlegar þá þessum stað. Hæð er í túninu þar sem bærinn hefur verið og hugsanlegt er að einhverjar mannvistarleifar séu óhreyfðar neðanjarðar. Umhverfis bæjarstæðið eru þýfð tún. Grunnurinn sem sést er um 33 X 14 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást merki greinilegs bæjarhóls.“¹⁹



Mynd 17. Horft í suður yfir grunn gamla bæjarins á Kleppjárnsreykjum (3093-008).



Mynd 18. Uppmæling á grunni gamla bæjarins á Kleppjárnsreykjum (3093-008).

¹⁹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 67

Númer: 3093-009

Eldra númer: BO-207:010

Hlutverk: Útihús

Tegund: Heimild

Hnit ISN93: A: 385145.7 N: 463563.4

Ástand: Sést ekki

Friðlýst: Nei

Hættumat: Engin hætt

Hættuorsök:

Staðhættir: Um 30m vestan við fjós (3093-002).

Minjalýsing: FSÍ skráði hér árið 2009 illgreinanlega þúst. Þústin fannst ekki við vettvangsrannsókn en túnið er vel gróið og þýft.

Í skýrslu FSÍ segir: [...] er þúst á lítilli hæð í túni sem líklega hefur verið útihús. Tóftin er í þýfðu túni. Tóftin er um 10 X 5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í 1-2 hólf. Op er á suðurvegg tóftarinnar. Greina má stutta grjóthleðslu innarlega á vestur innvegg tóftarinnar. Tóftin lítur úr fyrir að vera alveg sigin og ógreinileg tóft útihúss.²⁰



Mynd 19. Teikning FSÍ af útihúsi (3093-009).

²⁰ Elín Ósk Hreiðarsdóttir & et.al., 2009, bls. 69

7. NIÐURSTÖÐUR

Minjastofnun Íslands gerði kröfu um að áður skráðar minjar á skipulagssvæðinu yrðu mældar upp samkvæmt núverandi skráningarstöðlum. Alls voru níu fornleifar mældar upp á skipulagssvæðinu og bættist ein tóft við fyrri skráningu Fornleifastofnunar Íslands frá árinu 2009 og var það tóft (3093-003).

NÚMER	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	ÁSTAND	HÆTTUMAT	HÆTTUOR SÖK
3093-001	Kleppjárnsreykjahver	Náttúru-minjar	þvottalaug	heillegar	hætta	rasks
3093-002		Tóft	fjós	vel greinanleg	mikil hætta	rasks
3093-003		Tóft	óþekkt	vel greinanleg	engin hætta	
3093-004		Garðlag	túngarður	vel greinanleg	hætta	rasks
3093-005		Tóft	fjárhús	vel greinanleg	engin hætta	
3093-006		Tóft	óþekkt	vel greinanleg	engin hætta	
3093-007	Dysið	Steinalögn	dys	vel greinanleg	engin hætta	
3093-008	Kleppjárnsreykir	Steinsteypa	híbyli	vel greinanleg	engin hætta	
3093-009		Heimild	útihús	sést ekki	engin hætta	

Tafla 1. Skráðar minjar innan deiliskipulagsreitsins.

Svo virðist sem allar minjarnar muni verða utan fyrirhugaðra framkvæmdarsvæði en þó ber að hafa þær í huga þegar framkvæmdir hefjast. **Framkvæmdarsvæði er nánast allt innan heimatúns forns bæjarstæðis Kleppjárnsreykja og ekki er hægt að segja til um hvaða minjar kunni að leynast undir sverði, er þess vegna mælt með því að fornleifafræðingur muni hafa eftirlit með framkvæmdunum.** Einnig er vert að benda á að samkvæmt Menningarminjalögum skal stöðva framkvæmdir strax ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

8. KORT



Skýringar

- Skráningarsvæði
- Staðsetning fornleifa
- Mælingar - flákar



Fornleifar sem skráðar voru vegna deiliskipulags við Kleppjárnarsreyki.
Mælikvarði 1:4000 Dags. 5.9.2023 Kort 1
Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson

9. PUNKTASKRÁ

NÚMER	SÉRHEITI	TEGUND	HLUTVERK	HÆTTUMAT	HÆTTUORSÖK	EASTINGS	NORTHINGS
3093-001	Kleppjárnsreykjahver	Náttúruminjar	Þvottalaug	Hætta	Rasks	385231.1021	463621.8758
3093-002		Tóft	Fjós	Mikil hætta	Rasks	385180.9730	463570.1576
3093-003		Tóft	Óþekkt	Engin hætta		385155.9325	463516.1443
3093-004		Garðlag	Túngarður	Hætta	Rasks	385145.5305	463473.3531
3093-005		Tóft	Fjárhús	Engin hætta		385167.1707	463449.6785
3093-006		Tóft	Óþekkt	Engin hætta		385143.9851	463407.3086
3093-007	Dysið	Steinalögn	Dys	Engin hætta		384757.2193	463344.2579
3093-008	Kleppjárnsreykir	Steinsteypa	Híþýli	Engin hætta		385231.3458	463570.4117
3093-009		Heimild	Útihús	Engin hætta		385145.7164	463563.4838